

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 15. ágúst síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á lóðinni sem talin er Hafnarstræti 23 og afmarkast á þrjá vegu af Hafnarstræti, Lækjargötu og Tryggvagötu, verði gjaldskyld. Notaður verður miðamælir með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 1, nú 60 krónur á klukkustund.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

Reykjavík, 5. september 1995.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 372/1995, um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 1. gr. auglýsingarinnar:

1. Eftirtalin tollskrárnúmer og tolltaxtar bætast við:

Tollskrárnúmer:	kr/kg
1905.3022	23
2106.9038	82

2. Tollskrárnúmerið 2106.9039 fellur brott ásamt viðeigandi tolltaxta.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, tekur gildi þegar í stað.

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu taka til allra þeirra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem hafa verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.